

✉ Re: Kjalarnes, Nesvík, auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Búið til	26.3.2021 14:22:56
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	26.3.2021 14:23:50
Tilheyrir	 202102-0018 - Kjalarnes, Nesvík, auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Efni

Re: Kjalarnes, Nesvík, auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	26.3.2021 14:23:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@reykjavik.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0018 (KHS, RTh, LÁ)

Í tölvupósti frá Reykjavíkurborg, dags. 11. febrúar 2021, er óskað eftir ábendingum og athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, Nesvík.

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu, staðsetja byggingareiti og setja skilmála fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs svæðis í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Á bls. 14 segir: *“Eitthvað er um fuglalíf á svæðinu og gera má ráð fyrir að framkvæmdir hafi áhrif á hegðun fugla á svæðinu. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands er svæðið þó ekki metið sem mikilvægt fuglasvæði.”*

Fullyrðing um að svæðið sé ekki metið mikilvægt fuglsvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands byggir á misskilningi, því Nesvík er innan mikilvægs fuglsvæðis sem kennt er við Kjalarnes, sjá <https://www.ni.is/node/16109> (<https://www.ni.is/node/16109>) og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Það er því nauðsynlegt að leiðrétta þær upplýsingar sem lagðar eru fram til kynningar á þessari framkvæmd og gera með skýrari hætti grein fyrir öðru fuglalífi á svæðinu og hugsanlegum áhrifum framkvæmda á það.

Undir Gróður og náttúrufer, eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

- „*Jarðvegurinn er mjög fjölbreyttur, allt frá grasi vöxnum brekkum og mýrum í malarhryggi og steingarðar*“ Réttast væri að segja: **Gróðurfar** er mjög fjölbreytt...
- *Steingarðar*, óljóst hvað átt er við, eru þetta manngerðir garða eða grýtt holt?

- *Ýmsar gras- og móavistgerðir þekja* Hér má ítreka að á svæðinu eru einnig mýrlendisvistgerðir s.s. starungsmýravist sem er vistgerð með mjög hátt verndargildi og hefur verið skilgreind sem forgangsvistgerð í tengslum við val svæða á framkvæmdaáætlun á B-hluta náttúruminjaskrár.

Mótvægisáðgerðir: Gert er ráð fyrir að endurheimta votlendi eftir því sem kostur er og er það vel að mati Náttúrufræðistofnunar. Eftir því sem best verður séð munu framkvæmdir óhjákvæmilega raska mýrlendi (byggingarreitur A) en staðsetning byggingareita B, C og D og X í jaðri mýrlendis (starungsmýravist) og staðsetning einstakra bygginga innan þeirra er miðju þess, t.d. í byggingareit B og D. Þrátt fyrir að stærðarmörk samfellds mýrlendis í Nesvík séu undir 2 ha sem gengið er út frá í 61. gr. náttúruverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013) þá leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til að leggur til að skoðaðir verði aðrir valkostir staðsetningu einstakra húsa með tilliti til mýrlendis.

Engar friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) hafa fundist á svæðinu en í nágrenni svæðisins eru til skráningar yfir blöðrujurt (*Utricularia minor*) sem er fremur sjaldgæf vatnaplanta og sem einkum er að finna í mógrofum

<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/lentibulariaceae/blodrujurt-utricularia-minor> (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/lentibulariaceae/blodrujurt-utricularia-minor>). Blöðrujurtin hefur verið á undanhaldi síðustu áratugi, bæði vegna þurrkunar lands og vegna þess að mótöku er hætt. Í mýrlendinu í Nesvík má m.a. finna gamlar mógrafir sem gætu verið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda (Sjá Gylfi Helgason og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2019: Nesvík á Kjalarnesi: Deiliskráning vegna hugmynda um uppbyggingu. Fornleifastofnun Íslands FS750-19211.). Sá möguleiki er fyrir hendi að blöðrujurt finnist í einhverjum þessara mógrafa.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill einnig benda á að ein af mótvægisáðgerðum gæti verið að draga úr útbreiðslu ágengra tegunda en myndarlegur lúpínufláki er við einn bústaðinn í Nesvík. Alaskalúpína telst framandi ágeng tegund hér á landi (<https://www.ni.is/grodur/agengar-plontur/alaskalupina>) og ef ekkert er að gert má búast við að lúpínan eigi eftir að breiðast enn frekar út á svæðinu.

Bílastæði: Fram kemur að kvaðir eru settar um gróðursetningu til að milda ásynnd bílastæða í landi Nesvíkur. Á teikningum um mögulegar útfærslur svæðisins er sýndur þéttur grenilundur við bílastæðin. Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur skipulags- og framkvæmdaraðila til þess að íhuga val á tegundum innan þessa svæðis með það í huga að koma í veg fyrir að framandi tegundir dreifi sér um það.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulagstillögu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>

To: "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Íbúaráð Kjalarnes" <ibuarad.kjalarnes@reykjavik.is>; "Borgarráðsgögn" <borgarradsgogn@reykjavik.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "bjarnip@mfe.is" <bjarnip@mfe.is>; "gbr@gbr.is" <gbr@gbr.is>

CC:

Subject: Kjalarnes, Nesvík, auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.
Date: 11.2.2021 09:11:10

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, Nesvík, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu á morgunn 12. febrúar 2021. Tillagan er í kynningu frá 12. febrúar 2021 til og með 26. mars 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-nesvik-0> (<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-nesvik-0>)

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Kjalarnes, Nesvík

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. febrúar 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 4. febrúar 2021 var samþykkt að endurauglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætлана, sem felst í uppbyggingu á ferðaþjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótél og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **12. febrúar 2021 til og með 26. mars 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is (<http://www.reykjavik.is>), **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is (mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 26. mars 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík

Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is (mailto:skipulag@reykjavik.is)

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>
(<http://www.reykjavik.is/trunadur>)

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Viðhengi

image001.png (5 KB)